



Iðnaðarráðuneyti
Arnarhvoli
150 Reykjavík

11. nóvember 2011

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Hinn 19. ágúst sl. var lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem ætlunin er að leggja fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi í samræmi við nýlega samþykkt lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd þeirrar áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða sem felst í tillögunni. Þar er um að ræða flokkun 69 virkjunarkosta í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk. Af virkjunarkostunum 69 lenda 22 í nýtingarflokki, 27 í biðflokki og 20 í verndarflokki. Í þingsályktunartillögunni er jafnframt tekið fram að fleiri virkjunarkostir hafi verið teknir til skoðunar innan verkefnisstjórnar um rammaáætlun en að 15 virkjunarkostir hafi ekki komið til flokkunar þar sem þeir falli ekki undir gildissvið laga nr. 48/2011, en þar af eru 13 virkjunarkostir vegna friðlýsingar.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að við flokkun virkjunarkosta hafi verið stuðst við röðun verkefnisstjórnar, gæði gagna, ákvæði laga nr. 48/2011, hvort um áætlaða framkvæmd væri að ræða, niðurstöður könnunar verkefnisstjórnar, þingsályktun um náttúruverndaráætlun, náttúrusvæði sem litið er til sem heildar og mikilvæg útivistarsvæði í grennd höfuðborgarinnar. Þingsályktunartillagan felur í all nokkrum tilvikum í sér frávik frá röðun verkefnisstjórnarinnar, þannig að virkjunarkostum sem í röðun verkefnisstjórnar lentu ofarlega út frá nýtingarsjónarmiðum er raðað í biðflokk eða jafnvel verndarflokk, s.s. Bitra, Norðlingaölduveita, Brennisteinsfjöll og Grændalur. Samtökin telja að við flokkun eigi röðun verkefnisstjórnar að hafa mest vægi og að ekki sé rétt að víkja frá þeirri röðun við flokkun virkjunarkosta nema gild rök standi til þess. Atriði eins og nafnlaus könnun meðal verkefnisstjórnar hlýtur að hafa umtalsvert minna gildi. Þá virðist það á skjön við markmið laga nr. 48/2011 að horfa til hagsmuna afmarkaðs svæði eins og höfuðborgarsvæðisins. Í því sambandi verði að hafa í huga að skv. 1. gr. laga nr. 48/2011 er markmið laganna að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Benda samtökin á að í frumvarp því sem varð að lögum nr. 48/2011 var byggt á því grundvallarsjónarmiði að ákvörðun um hvort nýta megi landsvæði til orkuvinnslu byggði á heildstæðu og faglegu mati. Samtökin taka undir það sjónarmið Samorku að vænlegasta leiðin til að stuðla að nokkuð víðtækri sátt um rammaáætlun sé fólgin í því að styðjast við röðun verkefnisstjórnar.

Samtök atvinnulífsins benda á að meginmarkmið með rammaáætlun hafi verið að leita sáttu um vernd og nýtingu náttúrusvæða með tilliti til virkjanakosta. Þegar lesnar eru fundargerðir verkefnisstjórnar og það sem fram kemur í kafla 9.3 í niðurstöðuskýrslu verkefnisstjórnar



verður ljóst að sú sátt sem að var stefnt hefur ekki náðst. Það er einnig staðfest í athugasemdum frá tveimur fulltrúum í verkefnisstjórninni við drögin að þingsályktunartillögunni sem hér er til umfjöllunar. Sömu ályktun má draga af umræðu í fjölmiðlum og þeim umsögnum sem birtar hafa verið. Enda er það svo að þær hugmyndir sem nú eru upp um virkjanir og friðun eru barns síns tíma og hljóta að taka mið af efnahagslegum aðstæðum á hverjum tíma. Útfærsla virkjana helst í hendur við tækniþróun og möguleikar kunna að skapast til virkjana sem menn sjá ekki fyrir nú um stundir. Á sama hátt er öll aðferðafræði verkefnisstjórnarinnar mannana verk og fjölmargir þættir í henni umdeilanlegir. Einnig tekur náttúran stöðugum breytingum og nauðsyn kann að skapast síðar til friðunar svæða sem ekki eru talin verðmæt nú og einnig getur þróunin orðið í hina áttina.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er gerð grein fyrir sögu rammaáætlunar allt frá árinu 1993. Þegar rammaáætlun var hleypt af stað í mars 1999 var markmiði hennar lýst þannig að meta ætti helstu virkjunarkosti samtímis og fjalla um áhrif þeirra á náttúru og minjar, umhverfi, hlunnindi og þróun byggðar áður en einstakir virkjunarkostir kæmst á undirbúningsstig, þ.e. áður en of miklu væri til kostað og meðan nægur tími væri til að velja á milli hugmynda. Slíkt frummat á umhverfisáhrifum myndi aðstoða orkufyrirtæki að velja virkjunarkosti og væri vegvísir um hönnun er sneiddi hjá skaðlegum umhverfisáhrifum og lágmarkaði fórnarkostnað á hagkvæmni. Einnig gæti slíkt mat leitt í ljós hvar verndargildi væri svo mikið að stjórnvöld vildu vernda einstök landsvæði með lögum. Loks myndi matið gagnast skipulagsyfirlögunum við að skipuleggja landnotkun. Varðandi flokkun virkjunarkosta í biðflokk vegna gagnaskorts verður að hafa þetta í huga. Það gefur augaleið að við slíkt frummat er ekki hægt að gera kröfu um að allir áhrifaþættir framkvæmda séu rannsakaðir til hlítar. Samtökin benda á að í athugasemdum við 5. gr. frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 48/2011 er undirstrikað að ekki sé miðað við að afla þurfi svo nákvæmra upplýsinga um hvern og einn virkjunarkost og áhrif hans að jafna megi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000. Hafa verði í huga að hér er um áætlun að ræða og að eftir að virkjunarkostur hefur verið flokkaður í nýtingarflokk fer fram mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Kröfur um að setja í biðflokk virkjunarkostir sem þegar hafa sætt mati á umhverfisáhrifum hljóta að skoðast í þessu ljósi.

Í opinberri umræðu hefur það verið orðað svo að með rammaáætlun sé lagður grunnur að víðtækri sátt í orkunýtingar- og náttúruverndarmálum. Það er enginn grundvöllur sáttar að slá á frest ákvörðunum um nýtingu eða vernd með því að setja virkjunarkosti í biðflokk. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að lög nr. 48/2011 taka til landsvæða innan eignarlanda og þau fela í sér takmarkanir á rétti landeigenda til að nýta réttindi sín. Þá verður að horfa til þess að fjárfestingar í orkuverum og tengdum iðjuverum eru grundvöllur þess að markmiðum um auknar fjárfestingar verði náð á næstu árum. Áhersla á fjárfestingar er lítils virði ef ekki liggja á borðinu virkjunarkostir sem unnt er að nýta. Það er áhyggjuefni að í þingsályktunartillögunni felst að af virkjunarkostum í nýtingarflokki eru einungis 700 MW að hámarki sem mögulegt er að ráðstafa á næstu tveimur árum, sbr. ábendingu Samorku.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri